



Umboðsmaður Alþingis  
Templarasundi 5  
101 Reykjavík

## DÓMSMÁLARÁÐUNEYTIÐ

Sölvhóls götu 7 101 Reykjavík  
sími: 545 9000 bréfasími: 552 7340  
postur@dmr.is dmr.is

Reykjavík 24. janúar 2023  
Tilv.: DMR22030254/0.14.6

Vísað er til erinda embættis umboðsmanns Alþingis, dags. 30 mars 2022 og 13. janúar 2023, vegna skýrslu embættisins um heimsókn á bráðageðdeild 32C við Hringbraut dagana 29. og 30. september 2021, á grundvelli OPCAT eftirlits. Sneri athuginin einkum að lagalegri umgjörð nauðungarvistunar og réttarstöðu sjúklinga sem og aðbúnaði á deildinni.


Í skýrslunni er þeim tilmælum meðal annars beint til dómsmálaráðaherra að taka efnisleg skilyrði lögræðislaga fyrir nauðungarvistun til skoðunar og meta hvort kveða þurfi með skýrari hætti á um í lögum að nauðungarvistun á grundvelli andlegrar vanheilsu sé ekki heimil nema geðsjúkdómur kalli á slíka frelsissviptingu og önnur vægari úrræði komi ekki til greina, svo sem þegar maður er sjálfum sér eða öðrum hættulegur eða lífi hans eða heilsu er annars stefnt í voða. Jafnframt er komið á framfæri ábendingum og tilmælum til dómsmálaráðherra í tengslum við aðkomu trúnaðarlæknis að ákvörðunum sýslumanns um nauðungarvistanir, þar á meðal um setningu reglna þar að lútandi, sem og að setja reglur um ráðgjafa nauðungarvistaðra. Þá er ábending um að taka til skoðunar hvort tilefni sé til að endurskoða reglur um málskot vegna nauðungarvistana.

Í dómsmálaráðuneytinu stendur nú yfir vinna við frumvarp um breytingu á lögræðislögum þar sem tekið verður tillit til tilmæla og ábendinga umboðsmanns Alþingis sem fram koma í skýrslunni. Stefnt er að því að drög að frumvarpi verði lagt fram í samráðsgátt stjórnvalda á vormánuðum. Þá tekur ráðuneytið fram að reglur um störf ráðgjafa nauðungarvistaðra hafa verið settar, sbr. reglur nr. 1240/2022 sem birtar voru í B-deild Stjórnartíðinda þann 26. október 2022.

Þá er að endingu bent á að í félags- og vinnumarkaðsráðuneyti er nú unnið að frumvarpi um framkvæmd öryggisráðstafana og öryggisvistunar og voru drög að því frumvarpi birt í samráðsgátt stjórnvalda þann 15. júní 2022. Tilgangur þess frumvarps er meðal annars sá að setja skýrar og heildstæðar reglur varðandi réttarstöðu þeirra sem dæmdir eru eða úrskurðaðir til að sæta öryggisráðstöfun samkvæmt VII. kafla almennra hegningarlaga, nr. 19/1940, og um framkvæmd öryggisvistunar á grundvelli annarra laga. Dómsmálaráðuneytið hefur átt aðkomu að undirbúningi þess frumvarps.

Beðist er velvirðingar á því að dregist hefur að svara bréfi umboðsmanns vegna anna í ráðuneytinu.

Fyrir hönd ráðherra

  
Bryndís Helgadóttir

  
Þorvaldur Heiðar Þorsteinsson